

18
22. febr.

		í peningum.		Hundrað á		Alin.
		Kr.	Aur.	Kr.	Aur.	Aur.
<i>F. Skinnavara.</i>						
31.	1 hndr. 4 fjórðungar	nautsinnns . . .	10 pund á	14	50	58 » 48
32.	— 6 —	kýrsinnns . . .	— — —	12	20	73 20 61
33.	— 6 —	hrossinnns . . .	— — —	10	17	61 02 51
34.	— 8 —	sauðsinnns, af tvævetrum og eldri	— — —	7	93	63 44 53
35.	— 12 —	sauðsinnns, af veturgömlum og ám	— — —	5	48	65 76 55
36.	— 6 —	selsinnns . . .	— — —	8	88	53 28 44
37.	— 240	lambsinn (vorlamba), einlit	. hvert á	»	32	76 80 64
<i>G. Ýmislegt.</i>						
38.	1 hndr. 6 pd. af æðardún, vel hreinsuðum,	pundið á		8	37	50 22 42
39.	— 40 — — —	óhreinsuðum . . .	— — —	»	»	» » »
40.	— 120 — —	fuglafiðri	10 pund —	6	25	75 » 63
41.	— 480 — —	fjallagrösum	— — —	»	»	» » »
42.	5 álnir	1 dagsverk um heyannir		2	44	» » 49
43.	— 1	lambsföður		4	»	» » 80

Meðalverð á hverju hundraði og hverri alin í fyrtöldum landaurum verður:

<i>Eptir A. eða í friðu</i>	89	49	75
— <i>B. — í ullu, smjöri og tólg</i>	59	70	50
— <i>C. — í ullartóvöru</i>	88	65	74
— <i>D. — í fiski</i>	69	03	58
— <i>E. — í lýsi</i>	19	73	16
— <i>F. — í skinna-vöru</i>	64	50	54

En meðalverð allra landaura samantalið 391 10 327
og skipt með 6 sýnir:

Meðalverð allra meðalverða 65 18 54

Reykjavík 22. dag febrúarmán 1895.

J. Havsteen. Hallgr. Sveinsson.

19
28. febr.

Brjef landshöfðingja til biskupsins um niðurlagning kirkju. — Eptir að hafa fengið þkl. brjef yðar, herra biskup, dags. 30. f. m., vil jeg hjer með samkvæmt 4. gr. laga nr. 3, 27. febr. 1880, sbr. 12. gr. laga nr. 5 frá sama degi samþykkja, að Hallormsstaðarkirkja í Suðurmúlaprófastsdæmi verði lögð niður og sóknin sameinuð Vallanessókn, nema bæirnir Mýrar og Geirólfsstaðir, er leggjast til Þingmúlasóknar; að sjóði Hallormsstaðarkirkju, skrautgripum hennar og áhöldum verði skipt milli Vallanes- og Þingmúlakirkna í rjettu hlutfalli eptir sóknarhlutum þeim, sem leggjast til hvorrar kirkjunnar fyrir sig, miðað við meðaltal kirkjugjalda þaðan um næstliðin 5 ár, og að bæirnir Vað og Stóra-Sandfell leggist frá Vallanessókn til Þingmúlasóknar.

Aptur á móti getur bærinn Skjögrastöðir ekki orðið lagður til Valþjófsstaðarsóknar fyr en fengin er yfirlýsing hlutaðeigandi prests og hjeraðsfundarins í Morður-Múlaprófastsdæmi.

Þetta tilkynnist yður hjer með þjónustusaml. til þkl. leiðbeiningar og frekari birtingar.